

Fagráð í hrossarækt þakkar Erni Karlssyni fyrir innsent erindi um „Mat á skapgerð stóðhesta“. Fagráð tekur heilshugar undir að skapgerð hrossa sé mikilvægur eiginleiki og tekur fagnandi allri faglegri umræðu og áhugaverðum rannsóknum sem leitt geta til enn betra mats á eiginleikanum skapgerð hrossa sem vissulega er margbrotinn.

Það er afar mikilvægt að ræktun hrossa skili auðtömdum og meðfærilegum afkvæmum. Geðslagið er einn veigamesti þátturinn sem skilur á milli hversu aðgengileg og nothæf hross eru, og því afar mikilvægt að fylgjast náið með því, hvernig hann þróast í stofninum. Í nýuppfærðu ræktunarmarkmiði var þessi þáttur skilgreindur nánar og gefið aukið rými og áhersla. Þar kemur skýrt fram að „markmiðið er að rækta reiðhest sem getur sinnt fjölmörgum hlutverkum og nýttist breiðum hópi fólks.“ Að auki: „Stefnt er að geðslagi sem gerir hestinum kleift að nýtast í fjölmörg hlutverk með sérstaka áherslu á yfirvegum, þjálmi og geðþrýði. Hesturinn á að vera kjarkaður og öruggur í allri meðhöndlun og reið. Innan ræktunarmarkmiðsins hvað vilja og næmni varðar rúmast mismunandi hestgerðir; allt frá næmum og viljugum hrossum til rólyndari, en ávallt er lögð áhersla á samstarfsvilja og yfirvegum.“

Það getur verið vandkvæðum háð að mæla þessa eiginleika sem hér að ofan er lýst hvert svo sem hrossakynið er. Hvernig við skynjum kjark hrossa, er breytilegt frá manni til manns. Líkt og við þekkjum með mannskepnuna er ef til vill einnig svo með hrossin að kjarkur er ekki föst stærð, heldur breytileg eftir aldri og reynslu hvers einstaklings. Kjarkaður og áræðinn þjálfari eflir traust hestsins gagnvart umhverfinu. Minna reyndur knapi getur eflt sinn hest í andstæðunni, þ.e. að vera á varðbergi gagnvart utanaðkomandi hættum enda hestinum eðlislægt eftir margra milljón ára þróunarsögu sem grasbítur að flýja hættur.

Eiginleikinn samstarfsvilji sem metinn er í kynbótadómi á að endurspegla getu og hæfni hrossa að vinna með manningum. Vissulega er matið gert á afar skömmum tíma en allt bendir til að það hafi skilað æ geðbetri og meðfærilegri hrossum hvort sem litið er til tölfræðilegrar úttektar eða á úrvali þeirra stóðhesta sem efstir standa. Samstarfsvilji er eini eiginleikinn sem opinn er til hækkunar og lækkunar á yfirlitssýningum enda gríðarlega mikilvægt að upplýsingar um greinilega bresti í þessum eiginleika skili sér í endalegt mat hrossa. Svo að mat hrossa sé eins staðlað og sambærilegt og kostur er hjá öllum sýndum hrossum, er mikilvægt að brautin fyrir reiðdóm sé skýrt afmörkuð. Afmörkun brauta er þó ekki hamlandi við matið á hrossunum enda breiddin sex metrar og grindverkið og snúrur mjög lágar. Það er skýrt kveðið á í dómsskalanum hvernig tekið skuli á því séu hnökrar á viðsnúningum á brautarendum eða að afmörkun sé ekki virt. Þá eru þröskuldar í leiðara á dómum fyrir samstarfsvilja sýni hestur t.a.m. sjónhræðslu. Að auki eru nú mismunandi verkefni í kynbótasýningum kröfur fyrir hinar hærri einkunnir, líkt og hraðabreytingar á gangtegundum og losað um taum á tölti. Þessi atriði nýtast ekki einungis til að greina úrvalsgangtegundir heldur einnig til að meta þjálmi, yfirvegum og taugastyrk hrossa.

Allmargar velígrundaðar athuganir, tilraunir og rannsóknir hafa verið gerðar bæði á okkar hrossastofni sem og á fjölmörgum öðrum hestakynjum.

Til að byrja með er vert að benda á yfirlitsgrein um kerfisbundið mat á skapgerð hrossa, „*Systematic review of equine personality*“. Samantektin er byggð á 113 faglegum rannsóknum í mismunandi hestakynjum. Þar kemur fram að geðslagsþættir geti haft áhrif á slyshættu, tengsl manna og hrossa og meðhöndlun. Þar er skýrt tekið fram að eðlismunur er á geðslagi og skapgerð hrossa. Geðslag er mengi hegðunar, sem kemur fram snemma á lífsskeiðinu og helst nokkuð óbreytt í lífsferlinu. Skapgerð er skilgreind sem afleiðing umhverfis og reynslu á geðslag; umhverfisþættir eins og uppeldi og aðbúnaður, eða reynsla eins og þjálfun og meðhöndlun. Skapgerð hrossa er talin vera samspil erfða og umhverfis og tekur þar af

leiðandi breytingum í tímans rás. Helstu áskoranir við mat á skapgerð er því að aðgreina umhverfi og erfðir, þ.e. samspil þeirra. Niðurstaða ítarlegra greininga er að mat á skapgerð getur verið miklum takmörkunum háð, tímasetning matsins er mikilvæg og alls er ósvarað hver sé heppilegasta aðferðafræðin. Sýnt hefur verið fram á að helstu vankantar á þeim fjölmörgu aðferðum sem notaðar hafa verið víða um heim á mismunandi hestakynjum, eru að oftar en ekki byggja þær á tilfinningu og skoðun matsmanns fremur en staðreyndum. Enn fremur getur hegðun og viðbrögð hesta í slíkum prófum verið æði breytileg og sömu hrossin bregðast við á misjafnan hátt og sýna mismunandi hegðun við endurteknar prófanir. Niðurstöður á samantekt þessara prófa reyndust lýsa hrossum best á stund og stað en því miður ekki reynst nægilega áreiðanlegar til að byggja á þeim í ræktunarstarfinu. Greinarhöfundar telja að heildstæð þekking á geðslagi og skapgerð skorti og ætti því að kanna enn frekar. Þeir leggja áherslu á að framtíðarrannsóknir ættu að miða að því að nýta þekkingu í sameindaerfðafræði til þess að greina tiltekna erfðavísa og erfðamörk sem hægt væri að nýta í úrvali hrossa og ræktunarstarfi.

Mat á eiginleikanum geðslagi (geðslag, vilji og geðslag, samstarfvið) íslenskra hrossa hefur þróast í áranna rás þar sem stuðst hefur verið við praktískar og faglegar úttektir, rannsóknir og athuganir. Fyrir á tímum var til að mynda stuðst við reiðdóma en því var hætt þar sem það mat skilaði nær engum viðbótum. Það hefur hins vegar verið...

- sýnt fram á afar sterk erfðafræðileg tengsl milli mætingar til dóms og eiginleikans vilja og geðslags, þar sem hross með betri vilja og geðslag/samstarfvið eru líklegri til að mæta til dóms. Frammistaða hrossa er enn fremur betri eftir því sem mat á vilja og geðslagi er betra. Þetta kemur ekki á óvart enda gott geðslag sem skilur á milli meðfærilegra og aðgengilegra hrossa. Það er hins vegar ljóst að mæting hrossa er aðeins um 12% af fæddum hrossum þannig að ekki fæst mat nema á hluta hrossastofnsins í kynbótadómi.
- sýnt fram á að erfanlegur þáttur samstarfvið er um 40%, hægt er þá að heimfæra að um 60% af því sem við sjáum í svipfari hrossa ráðist af umhverfinu s.s. uppeldi, tamningu, þjálfun og meðhöndlun. Það er því ljóst að það sem við metum í frammistöðu hrossa í kynbótabrautinni er ekki einvörðungu upp á erfðir að sækja. Hins vegar með stöðlun umhverfis s.s. afmörkun brautar, stöðlun á kynbótadómum með vísan til skilgreinds dómsskala með vel menntaða og reynslumikla einstaklinga í dómsstörfum verður matið eins hlutlægt og kostur er. Enn frekari stöðlun á umhverfisáhrifum skilar sér svo við útreikninga á kynbótamati þar sem leiðrétt er fyrir kerfisbundnum umhverfisáhrifum eins og kyni og aldri hrossa þegar þau koma til dóms og landi og ári sýningar. Mat á afrakstur kynbótastarfsins er hvað skýrast í reiknuðum erfðafrámförum. Sýnt hefur verið fram á að valið er einna stífast fyrir vilja og geðslagi og einna mestu erfðafrámfarirnar eru í þeim eiginleika af þeim sem metnir eru í kynbótadómi. Erfðafrámfarirnar eru að mestu leyti komnar til vegna úrvals á stóðhestum og frekari frámfarir er fyrst og fremst að sækja í að vanda betur val mæðra næstu kynslóðar. Það er að sjálfsögðu alltaf í höndum ræktenda sjálfra að velja hross til undaneldis og sýna niðurstöðurnar að talsvert olnbogarými er til þess að gera enn betur þar.
- sýnt fram á að sterk erfðafræðileg tengsl á vilja og geðslagi og almennri frammistöðu í kynbótadómi og keppni. Góður samstarfvið er því ekki einungis forsenda fyrir því að standa sig vel í kynbótadómi heldur einnig keppni.
- sýnt fram á að geðslagsvandamál eru ein algengasta orsök förgunar. Afsetning samkvæmt skráningu sláturhúsa og ástæða förgunar í upprunaættbók íslenska hestsins (Worldfengur.com), sýnir að um þriðjungji hrossa sem slátrað var hér á landi á ákveðnu tímabili, var slátrað vegna geðslagsvandamála. Meirihluti þessa hóps voru

ung hross sem hætt var með í tamningu eða þjálfun. Þessar niðurstöður gefa til kynna að töluvert forval byggt á geðslagi fari fram í framtamningarferli ungra hrossa. Greinilegt er því að ræktendur sjálfir eru gríðarlega kröfuharðir þegar kemur að þessum eiginleika.

- sýnt fram á að sá hópur hrossa sem valinn er undir ferðamenn í hestaferðir er af sama meiði og þau hross sem mæta til kynbótadóms. Frístundahross eru afurð hins skipulega ræktunarstarfs, sömu forfeður eru að baki sýndum hrossum og ferðapjónustuhrossa og greinilegt að stóðhestar með háan kynbótadóm gefa hross sem henta í fjölbreytt hlutverk. Það virðist því vera að þeir sem rækta hross með það markmið að nýta þau til langferða og undir ferðamenn séu ekki að sækja í aðrar ræktunarlínur en þær sem fyrirferðamestar eru í hinu skipulega ræktunarstarfi.
- sýnt fram á að stöðvarpróf stóðhesta hafa ekki skilað nægilegum árangri og eru auk þess afar kostnaðarsöm.
- gerðar tilraunir við Hólaskóla í þróun skapgerðarmats fyrir hross þar sem nokkrir af okkar mest menntuðu og reyndustu reiðkennurum og þjálfurum hafa metið mikinn fjölda hrossa samkvæmt aðferðum sem reynt hefur verið að þróa jafnt og þétt. Tölfræðilegar niðurstöður hafa gefið til kynna að matið virðist ekki vera nægilega nýtilegt, ein skýring gæti verið vöntun á stöðlun úttektar.

Sú tillaga sem þú leggur fram er í flestu afar lík prófunum sem gerðar hafa verið víða um heim. Óskandi væri að niðurstöður sýndu að slíkar prófanir skiluðu tilætluðum árangri og vissulega megum við ekki láta okkar eftir liggja að halda áfram að leita eftir bestu leiðum til að meta þennan þátt í okkar kyni. Það er mikilvægt að prófanir og rannsóknir ýti ekki undir frekara forval hrossa til kynbótadóms og jafnræði sé fyrir öll hross að mæta til mats. Það er ljóst að til þess að framkvæma þessa hugmynd þarf að komast lengra í að skilgreina þá eiginleika sem meta skal þannig að matið verði eins staðlað og kostur er. Aðskilnaður erfða og umhverfisþátta er þar að sjálfsögðu lykilþáttur ef matið á að skila tilætluðum árangri og niðurstaða prófs verður að vera meira en tilfinning þess sem prófar. Víða um heim eru rannsóknir í gangi um þessa þætti og ber að geta að í velflestum hestakynjum og vísindasamfélaginu að auki, hefur áhugi á að rannsaka þennan þátt aukist mikið á síðastliðnum tveimur áratugum. Þá væri áhugavert að rannsaka skoðun þeirra sem flesta hesta hafa undir höndum, þ.e. tamningamanna og reiðkennara þessa lands, á því hvaða geðslagsþættir eru þeim í mestum metum, hverja þeir telja vera stöðu þessa eiginleika í stofninum í dag og hvert þeir telja að þessi eiginleiki sé að þróast. Niðurstaða slíkrar könnunar gæti verið mikilvægt innlegg í áframhaldandi vinnu og þróun matsaðferðarinnar. Fagrað í hrossarækt leitast í hvívetna að því að styðja við rannsóknir og framþróun við ræktun íslenskra hrossa og tekur fagnandi á móti vel ígrunduðum verkefnum til þess arna, s.s. skilgreiningar og staðlað mat á mismunandi geðslags- og skapgerðarþáttum, svo sem kjarki, þjálfni, vilja, viðmóti og spennu, sem skilað gæti ítarlegum niðurstöðum sem líklegar eru til að hafa nægjanlega hátt arfgengi til að nýtast í ræktunarstarfið. Það skiptir miklu máli að mat og dómar hrossa skili ræktendum í hendur nákvæmum upplýsingum um geðslag hrossa, þannig er hægt að para hross betur saman með tilliti til þessa eiginleika, sem annarra. Stefnan er sjálfsögðu sú að framþróun kynbótakerfisins skili hrossaræktendum sem nákvæmustu og nýtilegustum upplýsingum til að nota í sinni ræktun.